

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI DÝRALYFS

RenuTend stungulyf, dreifa fyrir hesta

2. INNIHALDSLÝSING

Hver 1 ml skammtur inniheldur:

Virki innihaldsefni:

Sinamyndandi ósamgena bandvefsstofnfrumur úr útæðablóði úr hestum (tenogenic primed equine allogeneic peripheral blood-derived mesenchymal stem cells) (tpMSCs): $2,0-3,5 \times 10^6$

Hjálparefni:

Hjálparefni og önnur innihaldsefni
<i>Láglúkósa DMEM (Dulbecco's modified eagle medium)</i>
<i>Dímetýlsúlfoxíð</i>

Tær, litlaus dreifa.

3. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

3.1 Markdýrategundir

Hestar

3.2 Ábendingar fyrir notkun hjá markdýrategundum

Til að bæta græðslu skaddaðra sina og burðarbanda hjá hestum.

3.3 Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

3.4 Sérstök varnaðarorð

Sýnt hefur verið fram á gagnsemi dýralyfsins hjá hestum við fyrstu álagsmeiðsl í grunnlægri sin (superficial digital flexor tendon) í framlegg eða í burðarbandi (suspensory ligament) í fram- og afturlegg. Upplýsingar um virkni meðferðar á öðrum sinum og liðböndum liggja ekki fyrir. Meðferð á áverkasári með sundurtætta eða alveg rifna sin hefur ekki verið metin. Dýralyfið er ekki ætlað til notkunar við slíkum áverkum.

Sýnt var fram á virkni dýralyfsins í lykilvettvangsrannsókn hjá hestum á þjálfunar- og keppnisstigi, þ.e. við hlýðniæfingar (dressage) eða hindrunarstökk (show jumping), áður en meiðsl í sin eða burðarbandi átti sér stað.

Sem hluti af endurhæfingu á sködduðum sinum og burðarböndum er nauðsynlegt að fylgja hefðbundinni áætlun um hvíld í hesthúsi og auka þjálfun smám saman undir leiðsögn dýralæknis. Áætlunina á að aðlaga samkvæmt niðurstöðum úr röð ómskoðana og klínískum einkennum eins og holti, hita og bólgu.

Sýnt var fram á öryggi og verkun dýralyfsins í lykilvettvangsrannsókn eftir staka gjöf dýralyfsins samhliða stakri altækri gjöf bólgueyðandi verkjalyfs (NSAID). Samkvæmt einstaklingsbundnu mati dýralæknisins á ávinningi og áhættu má gefa einn stakan skammt af NSAID til altækrar notkunar sama dag og inndæling í skaddaðan vef er gefin.

3.5 Sérstakar varúðarreglur við notkun

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þegar dýralyfið er geymt í fljótandi köfnunarefni getur bein útsetning fyrir fljótandi köfnunarefni eða köld köfnunarefnisgufa valdið víðtækum vefjaskemmdum eða bruna. Þegar fljótandi köfnunarefni gufar upp getur rúmmál þess 700-faldast sem getur valdið sprengihættu í lágþita hettuglösum án loftunar (unvented cryovials). Einungis vel þjálfað starfsfólk á að handleika ílát með fljótandi köfnunarefni. Meðhöndlun fljótandi köfnunarefnis á að fara fram á vel loftræstu svæði. Klæðast þarf hlífðarbúnaði sem samanstendur af hönskum, löngum ermum og andlitsgrímu eða hlífðargleraugum, áður en hettuglösin eru tekin úr hylkinu með fljótandi köfnunarefninu.

Ef sá sem annast lyfjagjöf sprautar sig eða aðra fyrir slysi, getur dýralyfið valdið verk, staðbundnum bólguviðbrögðum og þrota á stungustað sem getur varað í nokkrar vikur. Hiti í skamman tíma getur einnig komið fram. Leitið tafarlaust til læknis og hafið meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

3.6 Aukaverkanir

Hestar:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):	Viðbrögð á stungustað (t.d. hiti á stungustað, verkur á stungustað, bólga og aukið ummál útlíms) ¹
---	---

¹ Væg og komu fram á fyrstu 10 dögnum eftir lyfjagjöf.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Senda skal tilkynningar, helst gegnum dýralækni, til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans eða lyfjafyrivalda. Upplýsingar um viðeigandi tengiliði má finna í fylgiseðlinum.

3.7 Notkun á meðgöngu, við mjólkurgjöf og varp

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýralyfið má eingöngu nota að undangöngu ávinnings-/áhættumati dýralæknis.

3.8 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Engar upplýsingar liggja fyrir.

3.9 Íkomuleiðir og skammtar

Íkomuleið:

Til notkunar í vefjaskemmd.

Ráðlagður skammtur:

Stök lyfjagjöf eins skammts (1 ml) fyrir eitt dýr.

Undirbúningur dreifunnar fyrir inndælingu og aðferð við lyfjagjöf:

Dýrallyfið á að gefa í vefjaskemmd af dýralækni og gæta á sérstakrar varúðar til að tryggja smitlaust inndælingarferli. Dýrallyfið á að handleika og sprauta að viðhafðri smitgát og í hreinu umhverfi.

Dýrallyfið á að gefa án tafar eftir þiðnun til að viðhalda lífvænleika fruma.

Nota á viðeigandi hanska þegar hettuglasið er tekið úr frysti/fljótandi köfnunarefninu og látið þiðna samstundis við 25 C–37 C, t.d. í vatnsbaði, þar til innihaldið er að fullu þiðnað (u.þ.b. 5 mín.).

Ef einhverjir frumuklasar eru sjáanlegir eftir þiðnun skal hvolfá hettuglasinu varlega þar til dreifan er tær og litlaus.

Takið tappann af hettuglasinu og dragið dreifuna upp í sæfða sprautu fyrir inndælingu.

Við lyfjagjöfina er notuð nál með þvermál sem er 22G eða meira til að koma í veg fyrir skemmdir á frumunum.

Gefið í vefjaskemmd með aðstoð ómunar og haldið aftur af dýrinu með lyfjum eða hafti eins og þarf í samræmi við góðar starfsvenjur dýralækis, til að auðvelda örugga inndælingu í vefjaskemmd. Þegar nálinni hefur verið komið fyrir í sininni eða burðarbandinu, þarf mögulega að breyta stefnu hennar þar til hún er komin í skemmda vefinn. Sprautið dreifunni hægt inn. Þegar um er að ræða stærri vefjaskemmdir er hægt að draga nálina hægt til baka meðan verið er að sprauta til að greiða fyrir dreifingu frumanna um alla vefjaskemmdina.

3.10 Einkenni ofskömmunar (bráðameðferð og móteitur þar sem það á við)

Engar upplýsingar liggja fyrir.

3.11 Sérstakar takmarkanir á notkun eða sérstakar forsendur fyrir notkun, þ.m.t. takmarkanir á notkun dýrallyfja gegn örverum og sníkjudýrum til þess að draga úr hættu á ónæmismyndun

Á ekki við.

3.12 Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

4. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

4.1 ATCvet kóði:

QM09AX90

4.2 Lyfhrif

Dýrallyfið inniheldur sinamyndandi ósamgena bandvefsstofnfrumur úr útæðablóði úr hestum (tpMSCs). Sinamyndandi bandvefsstofnfrumur miðast að því að stuðla að enduruppbyggingu vefjar og græðslu sína eins og að bæta framleiðslu utanfrumuefnis. Eftir gjöf tpMSCs í tilraunalkani með skaddaðri sín úr hestum, endurspegluðust áhrifin með bættu endurkasti við ómun og bættu ástandi sínápráða, hærra hlutfalli óskaddaðra og fullgróinna sinaknippa sem endurspeglast af meira kollageni tegund I og minna af kollageni tegund III og viðurvist aktíns í sléttum vöðvum.

Í klíniskri lykilrannsókn var virkni meðferðar metin í samanburði við lyfleysuhóp við aðstæður hefðbundinnar áætlunar um hvíld í hesthúsi og þjálfun sem var aukin smám saman undir leiðsögn

dýralæknis. Sýnt var fram á að ástand sinaskemmda var marktækt betra sem kemur heim og saman við framfarir með tilliti til endurkasts og stærð þversniðsflatarmáls við ómskoðun.

4.3 Lyfjahvörf

Eftir inndælingu dýralyfsins færast tpMSCs hvorki né dreifist frá meðhöndlaðri sin í nálæga vefi eða í dreneitil.

5. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Ósamrýmanleiki sem skiptir máli

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

5.2 Geymsluþol

Geymsluþol dýralyfsins í söluumbúðum: 2 ár.

Geymsluþol eftir þiðnun samkvæmt leiðbeiningum: Notið strax.

5.3 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið og flytjið í frysti (-90 C til -70 C) eða í fljótandi köfnunarefni.

5.4 Gerð og samsetning innri umbúða

Hettuglas úr hringtengdri ólefín samfjölliðu (COC) með tappa úr hitaþjálu gúmmílíki (TPE)) og loki úr háþéttni pólýetýleni (HDPE) sem inniheldur stakan skammt af stofnfrumudreifu.

Hver pakkning (pólýkarbonat ílát eða pappaskja) inniheldur stakan skammt af dýralyfinu: eitt hettuglas (1 ml) með stofnfrumudreifu.

5.5 Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar ónotaðra dýralyfja eða úrgangs sem til fellur við notkun þeirra

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

6. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH

7. MARKAÐSLEYFISNÚMÉR

EU/2/22/282/001

8. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 19/04/2022

9. DAGSETNING SÍÐUSTU ENDURSKOÐUNAR Á SAMANTEKTINNI Á EIGINLEIKUM LYFS

10. FLOKKUN DÝRALYFSINS

Dýralyfið er ávísunarskylt.

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

VIÐAUKI II

AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

Engin.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEDILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

Ílát úr pólýkarbónati eða pappaaskja

1. HEITI DÝRALYFS

RenuTend stungulyf, dreifa fyrir hesta

2. VIRK INNIHALDSEFNI

Sinamyndandi ósamgena bandvefsstofnfrumur úr útæðablóði úr hestum (tpMSCs): $2,0-3,5 \times 10^6$

3. PAKKNINGASTÆRÐ

1 x 1 ml

4. MARKDÝRATEGUNDIR

Hestar

5. ÁBENDINGAR

6. ÍKOMULEIÐIR

Til notkunar í vefjaskemmd

7. BIÐTÍMI FYRIR AFURÐANÝTINGU

Biðtími: Núll dagar.

8. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Eftir þiðnun skal nota lyfið strax.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið og flytjið í frysti (-90 C til -70 C) eða í fljótandi köfnunarefni.

10. VARNADARORÐIN „LESIÐ FYLGISEÐILINN FYRIR NOTKUN“

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

11. VARNADARORÐIN „DÝRALYF“

Dýralyf.

12. VARNADARORÐIN „GEYMIÐ ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ“

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

13. HEITI MARKAÐSLEYFISHAFA

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH

14. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/2/22/282/001

15. LOTUNÚMER

Lot {númer}

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á LITLUM INNRI UMBÚÐUM

Hettuglas með stofnfrumudreifu

1. HEITI DÝRALYFS

RenuTend

2. MAGN VIRKRA INNIHALDSEFNA

2,0–3,5×10⁶ tpMSCs

3. LOTUNÚMER

Lot {númer}

4. FYRNINGARDAGSETNING

Exp. {MM/ÁÁÁÁ}

Eftir þiðnun skal nota lyfið strax.

B. FYLGISEÐILL

FYLGISEDILL

1. Heiti dýrallyfs

RenuTend stungulyf, dreifa fyrir hesta

2. Innihaldslýsing

Hver 1 ml skammtur inniheldur:

Virkt innihaldsefni:

Sinamyndandi ósamgena bandvefsstofnfrumur úr útæðablóði úr hestum (tenogenic primed equine allogeneic peripheral blood-derived mesenchymal stem cells (tpMSCs)): $2,0-3,5 \times 10^6$

Tær, litlaus dreifa.

3. Markdýrategundir

Hestar

4. Ábendingar fyrir notkun

Til að bæta græðslu skaddaðra sína og burðarbanda hjá hestum.

5. Frábendingar

Gefið ekki dýrum sem hafa ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum.

6. Sérstök varnaðarorð

Sérstakar varúðarreglur til öruggar notkunar hjá markdýrategundum:

Sýnt hefur verið fram á gagnsemi dýrallyfsins hjá hestum við fyrstu álagsmeiðsl í grunnlægri sín (superficial digital flexor tendon) í framlegg eða í burðarbandi (suspensory ligament) í fram- og afturlegg. Upplýsingar um virkni meðferðar á öðrum sinum og liðböndum liggja ekki fyrir. Meðferð á áverkasári með sundurtætta eða alveg rifna sín hefur ekki verið metin. Dýrallyfið er ekki ætlað til notkunar við slíkum áverkum.

Sýnt var fram á virkni dýrallyfsins í lykilvettvangsrannsókn hjá hestum á þjálfunar- og keppnisstigi, þ.e. við hlýðniæfingar (dressage) eða hindrunarstökk (show jumping), áður en meiðsl í sín eða burðarbandi átti sér stað.

Sem hluti af endurhæfingu á sködduðum sinum og burðarböndum er nauðsynlegt að fylgja hefðbundinni áætlun um hvíld í hesthúsi og auka þjálfun smám saman undir leiðsögn dýralæknis. Áætlunina á að aðlaga samkvæmt niðurstöðum úr röð ómskoðana og klínískum einkennum eins og holti, hita og bólgu.

Sýnt var fram á öryggi og verkun dýrallyfsins í lykilvettvangsrannsókn eftir staka gjöf dýrallyfsins samhliða stakri altækri gjöf bólgueyðandi verkjalyfs (NSAID). Samkvæmt einstaklingsbundnu mati dýralæknisins á ávinningi og áhættu má gefa einn stakan skammt af NSAID til altækrar notkunar sama dag og inndæling í skaddaðan vef er gefin.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Þegar dýralyfið er geymt í fljótandi köfnunarefni getur bein útsetning fyrir fljótandi köfnunarefni eða köld köfnunarefnisgufa valdið viðtækum vefjaskemmdum eða bruna. Þegar fljótandi köfnunarefni gufar upp getur rúmmál þess 700-faldast sem getur valdið sprengihættu í lághita hettuglösum án loftunar (unvented cryovials). Einungis vel þjálfað starfsfólk á að handleika ílát með fljótandi köfnunarefni. Meðhöndlun fljótandi köfnunarefnis á að fara fram á vel loftræstu svæði. Klæðast þarf hlífðarbúnaði sem samanstendur af hönskum, lögum ermum og andlitsgrímu eða hlífðargleraugum, áður en hettuglösin eru tekin úr hylkinu með fljótandi köfnunarefninu.

Ef sá sem annast lyfjagjöfina sprautar sig eða aðra fyrir slysi, getur dýralyfið valdið verk, staðbundnum bólguviðbrögðum og þrota á stungustað sem getur varað í nokkrar vikur. Hiti í skamman tíma getur einnig komið fram. Leitið tafarlaust til læknis og hafið meðferðis fylgiseðil eða umbúðir dýralyfsins.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi dýralyfsins á meðgöngu og við mjólkurgjöf. Dýralyfið má eingöngu nota að undangengnu ávinnings-/áhættumati dýralæknis.

Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir:

Engar upplýsingar liggja fyrir.

Ofskömmtnun:

Engar upplýsingar liggja fyrir.

Ósamrýmanleiki sem skiptir máli:

Ekki má blanda þessu dýralyfi saman við önnur dýralyf, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

7. Aukaverkanir

Hestar:

Mjög algengar (>1 dýr / 10 dýrum sem fá meðferð):

Viðbrögð á stungustað (t.d. hiti á stungustað, verkur á stungustað, bólga og aukið ummál útlims) ¹

¹ Væg og komu fram á fyrstu 10 dögnum eftir lyfjagjöf.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýralyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa markaðsleyfishafans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda.

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til notkunar í vefjaskemmd.

Ráðlagður skammtur:

Stök lyfjagjöf eins skammts (1 ml) fyrir eitt dýr.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Undirbúningur dreifunnar fyrir inndælingu og aðferð við lyfjagjöf

Dýralyfið á að gefa í vefjaskemmd af dýralækni og gæta á sérstakrar varúðar til að tryggja smitlaust inndælingarferli. Dýralyfið á að handleika og sprauta að viðhafðri smitgát og í hreinu umhverfi.

Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar dýralækninum:

Dýralyfið á að gefa án tafar eftir þiðnun til að viðhalda lífvænleika fruma.

Nota á viðeigandi hanska þegar hettuglasið er tekið úr frysti/fljótandi köfnunarefninu og látið þiðna samstundis við 25 C–37 C t.d., í vatnsbaði, þar til innihaldið er að fullu þiðnað (u.þ.b. 5 mín.).

Ef einhverjir frumuklasar eru sjáanlegir eftir þiðnun skal hvolfa hettuglasinu varlega þar til dreifan er tær og litlaus.

Takið tappann af hettuglasinu og dragið dreifuna upp í sæfða sprautu fyrir inndælingu.

Við lyfjagjöfina er notuð nál með þvermál sem er 22G eða meira til að koma í veg fyrir skemmdir á frumunum.

Gefið í vefjaskemmd með aðstoð ómunar og haldið aftur af dýrinu með lyfjum eða hafti eins og þarf í samræmi við góðar starfsvenjur dýralæknis, til að auðvelda örugga inndælingu í vefjaskemmd. Þegar nálinni hefur verið komið fyrir í sininni eða burðarbandinu, þarf mögulega að breyta stefnu hennar þar til hún er komin í skemmda vefinn. Sprautið dreifunni hægt inn. Þegar um er að ræða stærri vefjaskemmdir er hægt að draga nálina hægt til baka meðan verið er að sprauta til að greiða fyrir dreifingu frumanna um alla vefjaskemmdina.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Núll dagar.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið og flytjið í frysti (-90 C til -70 C) eða í fljótandi köfnunarefni.

Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir Exp.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Geymsluþol eftir þiðnun samkvæmt leiðbeiningum: Notið strax.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á um viðkomandi dýralyf í hverju landi.

Markmiðið er að vernda umhverfið.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

EU/2/22/282/001

Hver pakkning (pólýkarbonat ílát eða pappaaskja) inniheldur stakan skammt af dýralyfinu: eitt hettuglas (1 ml) með stofnfrumudreifu.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Marketing authorisation holder:

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
55216 Ingelheim/Rhein
Þýskaland

Manufacturer responsible for batch release:

Boehringer Ingelheim Veterinary Medicine Belgium NV
Noorwegenstraat 4
9940 Evergem
Belgía

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

België/Belgique/Belgien

Boehringer Ingelheim Animal
Health Belgium SA
Avenue Arnaud Fraiteurlaan 15-23,
1050 Bruxelles/Brussel/Brüssel
Tél/Tel: + 32 2 773 34 56

Lietuva

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Lietuvos filialas
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Vīne, Austrija
Tel: +370 5 2595942

Република България

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Виена, Австрия
Tel: +359 2 958 79 98

Luxembourg/Luxemburg

Boehringer Ingelheim Animal
Health Belgium SA
Avenue Arnaud Fraiteurlaan 15-23,
1050 Bruxelles/Brussel/Brüssel
Tél/Tel: + 32 2 773 34 56

Česká republika

Boehringer Ingelheim spol. s r.o.
Purkyňova 2121/3
CZ - 110 00, Praha 1
Tel: +420 234 655 111

Magyarország

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Magyarországi Fióktelep
Lechner Ö. Fasor 10.
H-1095 Budapest
Tel: +36 1 299 8900

Danmark

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics
A/S
Weidekampsgade 14
DK-2300 København S
Tlf: + 45 3915 8888

Malta

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
D-55216 Ingelheim/Rhein, il-Ġermanja
Tel: +353 1 291 3985

Deutschland

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
55216 Ingelheim/Rhein
Tel: 0800 290 0 270

Eesti

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Eesti filiaal
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Viin, Austria
Tel: +372 612 8000

Ελλάδα

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
D-55216 Ingelheim/Rhein, Γερμανία
Τηλ: +30 2108906300

España

Boehringer Ingelheim Animal Health España,
S.A.U.
Prat de la Riba, 50
08174 Sant Cugat del Vallès (Barcelona)
Tel: +34 93 404 51 00

France

Boehringer Ingelheim Animal Health France,
SCS
29, avenue Tony Garnier
69007 Lyon
Tél : +33 4 72 72 30 00

Hrvatska

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Beč, Austrija
Tel: +385 1 2444 600

Ireland

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
D-55216 Ingelheim/Rhein, Germany
Tel: +353 1 291 3985

Ísland

Vistor
Hörgatún 2
210 Garðabær
Sími: + 354 535 7000

Nederland

Boehringer Ingelheim Animal Health
Netherlands bv
Basisweg 10
1043 AP Amsterdam
Tel: +31 20 799 6950

Norge

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics
A/S
Weidekampsgade 14
DK-2300 København S
Tlf: +47 66 85 05 70

Österreich

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Wien
Tel: +43 1 80105-6880

Polska

Boehringer Ingelheim Sp. z o.o.
ul. Józefa Piusa Dziekonskiego 3
00-728 Warszawa
Tel.: + 48 22 699 0 699

Portugal

Boehringer Ingelheim Animal Health Portugal,
Unipessoal, Lda.
Avenida de Pádua, 11
1800-294 Lisboa
Tel: +351 [21 313 5300](tel:213135300)

România

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Sucursala București
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Viena, Austria
Tel: +40 21 302 28 00

Slovenija

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Podružnica Ljubljana
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Dunaj, Avstrija
Tel: +386 1 586 40 00

Slovenská republika

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co
KG, o.z.
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Viedeň, Rakúsko
Tel: +421 2 5810 1211

Italia

Boehringer Ingelheim Animal Health
Italia S.p.A.
Via Vezza d'Oglio, 3
20139 Milano
Tel: +39 02 53551

Κύπρος

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
D-55216 Ingelheim/Rhein, Γερμανία
Τηλ: +30 2108906300

Latvija

Boehringer Ingelheim RCV GmbH & Co KG
Latvijas filiāle
Dr. Boehringer Gasse 5-11
A-1121 Viena, Austrija
Tel: +371 67 240 011

Suomi/Finland

Vetcare Oy
PL/PB 99
24101 Salo
Puh/Tel: + 358 201443360

Sverige

Boehringer Ingelheim Animal Health Nordics
A/S
Weidekampsgade 14
DK-2300 København S
Tel: +46 (0)40-23 34 00

United Kingdom (Northern Ireland)

Boehringer Ingelheim Vetmedica GmbH
D-55216 Ingelheim/Rhein, Germany
Tel: +353 1 291 3985